

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/2236****2021/EES/34/34**

frá 16. desember 2020

um reglur um beitingu reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 og (ESB) 2017/625 að því er varðar fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum vegna komu inn í Sambandið og tilflutninga innan Sambandsins á sendingum af lagardýrum og af tilteknum lagardýraafurðum og opinbera vottun að því er varðar slík vottorð og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1251/2008 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis (lög um dýraheilbrigði) ⁽¹⁾, einkum 213. gr. (2. mgr.), 224. gr. (4. mgr.), 238. gr. (3. mgr.) og 239. gr. (3. mgr.),

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) ⁽²⁾, einkum 90. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (ESB) 2016/429 er mælt fyrir um reglur um dýrasjúkdóma sem geta borist í dýr eða í menn, þ.m.t. reglur um dýraheilbrigðisvottorð sem krafist er að fylgi sendingum af lagardýrum og af tilteknum lagardýraafurðum vegna komu inn í Sambandið og tilflutninga innan Sambandsins. Þar er framkvæmdastjórninni einnig veitt vald til að samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um reglur um fyrirmyndir að þessum dýraheilbrigðisvottorðum sem og um reglur sem varða upplýsingar sem eiga að koma fram í tilteknum skjölum og yfirlýsingum sem krafist er vegna komu slíkra sendinga inn í Sambandið.
- 2) Með þeirri reglugerð er framkvæmdastjórninni þar að auki veitt vald til að mæla fyrir um sérreglur varðandi fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum, yfirlýsingum og öðrum skjölum vegna lagardýra sem beiting reglnanna, sem settar eru fram í þeirri reglugerð, er e.t.v. ekki fullnægjandi fyrir, m.a. að teknu tilliti til lokaviðtökustaðar sendingarinnar. Í reglugerð (ESB) 2016/429 er einnig kveðið á um að þessi dýraheilbrigðisvottorð geti innihaldið aðrar upplýsingar sem krafist er samkvæmt annarri löggjöf Sambandsins. Til samræmis við það ætti að setja fyrirmynd að dýraheilbrigðisvottorði fram í þessari reglugerð.
- 3) Í 2. mgr. 213. gr. og 4. mgr. 224. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 er framkvæmdastjórninni einnig veitt vald til að mæla fyrir um, með framkvæmdargerðum, reglur varðandi fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum vegna tiltekinnna tilflutninga á lagardýrum og tilteknum lagardýraafurðum. Af þeim sökum ætti að setja fram í þessari reglugerð fyrirmyndir að þessum vottorðum vegna tilflutninga á slíkum sendingum innan Sambandsins.
- 4) Með 3. mgr. 238. gr. og 3. mgr. 239. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 er framkvæmdastjórninni veitt vald til að mæla fyrir um, með framkvæmdargerðum, reglur varðandi fyrirmyndir að heilbrigðisvottorðum, yfirlýsingum og öðrum skjölum vegna komu sendinga af lagardýrum, sem Sambandið er ekki lokaviðtökustaður fyrir, inn í Sambandið. Til samræmis við það ætti að setja fyrirmynd að dýraheilbrigðisvottorði fram í þessari reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 442, 30.12.2020, bls. 410. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2021 frá 19. mars 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB L 84, 31.3.2016, bls. 1

(2) Stjttíð. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1

- 5) Fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum, sem settar eru fram í þessari reglugerð, ættu að innihalda viðeigandi ábyrgðir til að tryggja að sendingar að lagardýrum og af tilteknum lagardýraafurðum, sem koma inn í Sambandið og eru tilfluttar innan Sambandsins, skapi ekki umtalsverða áhættu fyrir heilbrigði dýra eða manna. Slíkar ábyrgðir eru m.a. með hliðsjón af viðkomandi sjúkdómum, sem eru skráðir í 5. gr. og í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2016/429, sem og af flokkun þeirra eins og kveðið er á um í 1. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar og í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1882 ⁽³⁾.
- 6) Í reglugerð (ESB) 2017/625 er mælt fyrir um reglur um framkvæmd opinbers eftirlits og annarrar opinberrar starfsemi sem lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum inna af hendi til að sannreyna að rekstraraðilar fari að reglum Sambandsins á þeim sviðum sem um getur í 2. mgr. 1. gr. þeirrar reglugerðar, þar á meðal m.a. varðandi matvæli og matvælaöryggi sem og dýraheilbrigði og velferð dýra. Opinber vottorð eru skilgreind í reglugerð (ESB) 2017/625 sem pappírsskjal eða rafrænt skjal sem vottunarmaðurinn undirritar og veitir vissu fyrir því að ein eða fleiri af kröfunum, sem mælt er fyrir um í reglunum sem um getur í 2. mgr. 1. gr. þeirrar reglugerðar, sé uppfyllt. Með þeirri reglugerð er framkvæmdastjórninni veitt vald til að mæla fyrir um, með framkvæmdargerðum, reglur varðandi fyrirmyndir að opinberum vottorðum og um útgáfu slíkra vottorða.
- 7) Ákvæði c-liðar fyrstu málsgreinar 90. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 veita framkvæmdastjórninni vald til að mæla fyrir um, með framkvæmdargerðum, reglur um málsmeðferð sem skal fylgja við útgáfu endurnýjunarvottorða. Því þykir rétt að setja sameiginlegar kröfur, að því er varðar að skipta út dýraheilbrigðisvottorðum, í þessari reglugerð.
- 8) Til að forðast rangnotkun og misbeitingu er mikilvægt að mæla fyrir um reglur sem varða tilvik þar sem gefa má út endurnýjunardýraheilbrigðisvottorð og þær kröfur sem verður að uppfylla til að skipta út dýraheilbrigðisvottorðum. Tilvikin ættu að takmarkast við stjórnsýsluleg mistök eða tilvik þar sem upprunalega vottorðið hefur skemmst eða týnst.
- 9) Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/691 ⁽⁴⁾ er mælt fyrir um viðbótarreglur að því er varðar skráðar og samþykktar lagareldisstöðvar sem halda lagareldisdýr og flutningsaðila fyrir lagardýr. Í þeirri reglugerð er einkum kveðið á um viðbótarreglur að því er varðar samþykki fyrir lagareldisstöðvum sem halda lagareldisdýr sem skapa umtalsverða áhættu á útbreiðslu sjúkdóma sem hafa áhrif á lagardýr. Þess vegna ættu tilteknar fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum, sem settar eru fram í þessari reglugerð, að innihalda viðeigandi ábyrgðir til að tryggja að stöðin hafi verið samþykkt í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2020/691. Í þessari reglugerð ætti þar að auki að hafa hliðsjón af skilgreiningunum sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2020/691.
- 10) Að auki er mælt fyrir um reglur í framseldum reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/692 ⁽⁵⁾ og (ESB) 2020/990 ⁽⁶⁾ sem bæta við þær sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2016/429. Í framseldri reglugerð (ESB) 2020/692 er m.a. mælt fyrir um viðeigandi dýraheilbrigðiskröfur vegna komu lagardýra og tiltekinna lagardýraafurða inn í Sambandið. Þess vegna ætti að taka tillit til viðeigandi ábyrgða, sem mælt er fyrir um í þessum reglugerðum, í fyrirmyndum að dýraheilbrigðisvottorðum sem settar eru fram í þessari reglugerð. Í þessari reglugerð ætti þar að auki að hafa hliðsjón af skilgreiningunum sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2020/692.
- 11) Í framseldri reglugerð (ESB) 2020/990 er mælt fyrir um sértækar reglur varðandi tilflutninga á sendingum af lagardýrum og lagardýraafurðum innan Sambandsins, þ.m.t. dýraheilbrigðiskröfur og vottunarkröfur að því er þetta varðar. Í þeirri reglugerð er einkum mælt fyrir um tilteknar reglur um innihald dýraheilbrigðisvottorða fyrir lagardýr og tilteknar lagardýraafurðir. Þess vegna ætti að taka tillit til viðbótarreglna, sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2020/990, í fyrirmyndum að dýraheilbrigðisvottorðum sem settar eru fram í þessari reglugerð. Í þessari reglugerð ætti þar að auki að hafa hliðsjón af skilgreiningunum sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2020/990.

⁽³⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1882 frá 3. desember 2018 um beitingu tiltekinna reglna um forvarnir og varnir gegn sjúkdómum fyrir flokka skráðra sjúkdóma og um að koma á skrá yfir dýrategundir og hópa dýrategunda sem skapa töluverða áhættu á útbreiðslu þessara skráðu sjúkdóma (Stjtið. ESB L 308, 4.12.2018, bls. 21).

⁽⁴⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/691 frá 30. janúar 2020 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um lagareldisstöðvar og flutningsaðila fyrir lagardýr (Stjtið. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 345).

⁽⁵⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/692 frá 30. janúar 2020 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um komu sendinga af tilteknum dýrum, kímefni og afurðum úr dýraríkinu inn í Sambandið og um tilflutning þeirra og meðhöndlun eftir komu (Stjtið. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 379).

⁽⁶⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/990 frá 28. apríl 2020 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar dýraheilbrigðiskröfur og vottunarkröfur vegna tilflutninga á lagardýrum og lagardýraafurðum innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 221, 10.7.2020, bls. 42).

- 12) Í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1882 er mælt fyrir um skilgreiningu á „sjúkdómi í D-flokki“ sem kallar á ráðstafanir til að koma í veg fyrir að slíkur sjúkdómur breiðist út. Í þeirri framkvæmdarreglugerð er enn fremur mælt fyrir um að reglur um forvarnir og varnir gegn skráðu sjúkdómunum, sem um getur í 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, skuli gilda um flokka skráðra sjúkdóma fyrir þær skráðu dýrategundir og hópa skráðra dýrategunda sem um getur í töflunni í viðaukanum við þá reglugerð. Í þeirri töflu eru m.a. skráðar tegundir smitferja fyrir þá sjúkdóma sem hafa áhrif á lagardýr. Til samræmis við það ætti að taka tillit til þess í fyrirmyndunum að dýraheilbrigðisvottorðunum sem settar eru fram í þessari reglugerð.
- 13) Fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum vegna tilflutninga innan Sambandsins og komu inn í Sambandið á sendingum af lagardýrum og af tilteknum lagardýraafurðum ættu að innihalda nánari upplýsingar um sendinguna og sérstakar upplýsingar um heilbrigði dýra sem opinber dýralæknir vottar. Ef um er að ræða tilflutninga innan Sambandsins ættu fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum einnig að innihalda hluta sem er ætlaður til að skrá opinbert eftirlit sem innt er af hendi meðan slíkir tilflutningar standa yfir og á viðtökustaðnum sem og niðurstöðurnar úr þessu opinbera eftirliti.
- 14) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2235 (7) er mælt fyrir um fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum, fyrirmyndir að opinberum vottorðum og fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum/opinberum vottorðum vegna tilflutninga á sendingum af dýrum og afurðum innan Sambandsins. Í þeirri framkvæmdarreglugerð er kveðið á um samhæfi slíkra vottorða við Traces-kerfið og hún auðveldar kerfi vottunar í Sambandinu. Þess vegna ætti að útbúa fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum, sem settar eru fram í þessari reglugerð, vegna tilflutninga innan Sambandsins á sendingum af lagardýrum og af tilteknum lagardýraafurðum á grundvelli fyrirmyndanna að dýraheilbrigðisvottorðunum sem settar eru fram í 1. kafla I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2235 vegna tilflutninga innan Sambandsins á dýrum og afurðum.
- 15) Í því skyni að tryggja samræmi og til að bæta hagkvæmni dýraheilbrigðisvottunar ætti enn fremur að útbúa fyrirmynd að dýraheilbrigðisvottorði, sem sett er fram í þessari reglugerð vegna komu sendinga af lagardýrum inn í Sambandið, á grundvelli fyrirmynda að dýraheilbrigðisvottorðum vegna komu dýra, afurða úr dýraríkinu, samsettra afurða, kímefna, aukaafurða úr dýrum, spíra til manneldis og fræja sem eru ætluð til framleiðslu á spírum til manneldis inn í Sambandið sem settar eru fram í 3. kafla I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2235.
- 16) Í reglugerð (ESB) 2017/625 er kveðið á um að sendingum af dýrum og vörum skuli fylgja opinbert vottorð sem er annaðhvort útgefið á pappír eða á rafrænu formi. Í reglugerð (ESB) 2016/429 er enn fremur kveðið á um að dýraheilbrigðisvottorð sem eru útgefin á rafrænu formi, þ.m.t. þau dýraheilbrigðisvottorð sem fylgja sendingum sem koma inn í Sambandið, megi koma í staðinn fyrir dýraheilbrigðisvottorð sem eru útgefin á pappír. Því þykir rétt að setja sameiginlegar kröfur að því er varðar útgáfu dýraheilbrigðisvottorða vegna sendinga af lagardýrum og af tilteknum lagardýraafurðum, bæði á pappírformi og á rafrænu formi, til viðbótar við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 217. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 og í VII. kafla II. bálks reglugerðar (ESB) 2017/625. Setja ætti þessar sameiginlegu kröfur fram í þessari reglugerð.
- 17) Í reglugerð (ESB) 2017/625 er kveðið á um að upplýsingastjórnarkerfið fyrir opinbert eftirlit (IMSOC) skuli gera það kleift að útbúa, meðhöndla og senda opinber vottorð, þ.m.t. á rafrænu formi. Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1715 (8) er kveðið á um að Traces-kerfið sé sá íhlutur upplýsingastjórnarkerfisins fyrir opinbert eftirlit sem gerir allt ferlið kleift við að útbúa vottorð á rafrænan hátt og koma þannig í veg fyrir hugsanlegt sviksamlegt athæfi eða villandi viðskiptahætti að því er varðar dýraheilbrigðisvottorð eða opinber vottorð. Til að tryggja fullnægjandi öryggisstig rafrænna aðferða við rafræna vottun og að teknu tilliti til markmiðsins um að samræma ferlið við vottun ættu því fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum, sem settar eru fram í þessari reglugerð, að vera samhæfðar við Traces-kerfið.

(7) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2235 frá 16. desember 2020 um reglur um beitingu reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 og (ESB) 2017/625 að því er varðar fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum, fyrirmyndir að opinberum vottorðum og fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum/opinberum vottorðum vegna komu inn í Sambandið og tilflutninga innan Sambandsins á sendingum af tilteknum flokkum dýra og vara og opinbera vottun að því er varðar slík vottorð og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 599/2004, framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 636/2014 og (ESB) 2019/628, tilskipun 98/68/EB og ákvörðunum 2000/572/EB, 2003/779/EB og 2007/240/EB (Stjtið. ESB L 442, 30.12.2020, bls. 1).

(8) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1715 frá 30. september 2019 um reglur um starfsemi upplýsingastjórnarkerfis fyrir opinbert eftirlit og kerfisíhluti þess (IMSOC-reglugerðin) (Stjtið. ESB L 261, 14.10.2019, bls. 37).

- 18) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1251/2008 ⁽⁹⁾ er mælt fyrir um sérstakar reglur um vottunarkröfur vegna setningar lagareldisdýra og afurða þeirra á markað og innflutnings inn í Sambandið. Reglunum sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð hefur þó þegar verið skipt út fyrir reglurnar sem mælt er fyrir um í framseldum reglugerðum (ESB) 2020/990 og (ESB) 2020/692 og í stað fyrirmyndanna að vottorðunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1251/2008 eiga að koma fyrirmyndirnar að dýraheilbrigðisvottorðunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Til samræmis við það ætti að fella reglugerð (EB) nr. 1251/2008 úr gildi til að komast hjá því að reglur verði tvíteknar.
- 19) Rétt þykir að innleiða umbreytingartímabil til að taka tillit til sérstakra aðstæðna lögbærra yfirvalda í þriðju löndum sem þurfa að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að farið sé að þessari reglugerð og sérstakra aðstæðna varðandi flutninga á sendingum af lagardýrum og lagardýraafurðum með meðfylgjandi dýraheilbrigðisvottorð, sem eru gefin út í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1251/2008, fyrir þann dag þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda.
- 20) Þar eð reglugerð (ESB) 2016/429 gildir frá og með 21. apríl 2021 ætti þessi reglugerð einnig að koma til framkvæmda frá og með þeirri dagsetningu.
- 21) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur varðandi dýraheilbrigðisvottorð sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2016/429 og opinbera vottun sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2017/625 að því er varðar útgáfu og útskipti á þessum dýraheilbrigðisvottorðum sem krafist er vegna komu inn í Sambandið ⁽¹⁰⁾ og vegna tilflutninga innan Sambandsins á tilteknum sendingum af lagardýrum og á lagardýraafurðum.
2. Í henni eru fastsettar fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum og fyrirmynd að yfirlýsingu sem hér segir:
 - a) fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum vegna tilflutninga innan Sambandsins á sendingum af tilteknum flokkum lagardýra og tilteknum afurðum lagareldisdýra (I. viðauki),
 - b) fyrirmynd að dýraheilbrigðisvottorði vegna komu sendinga af lagardýrum, sem eru ætlaðar fyrir tilteknar lagareldisstöðvar, til sleppingar út í náttúruna eða í öðrum tilgangi, inn í Sambandið, þó ekki til mannelis (II. viðauki),
 - c) fyrirmynd að yfirlýsingu frá skipstjóra skips: viðbót vegna flutnings sendinga af tilteknum lagardýrum sem koma sjóleiðis inn í Sambandið (III. viðauki).

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „gámur“: gámur eins og hann er skilgreindur í 1. lið 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/990,
- 2) „brunnbátur“: brunnbátur eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/990,
- 3) „beita“: beita eins og hún er skilgreind í 4. lið 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/990,
- 4) „landsráðstafanir“: landsráðstafanir eins og þær eru skilgreindar í 5. lið 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/990,

⁽⁹⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1251/2008 frá 12. desember 2008 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 2006/88/EB að því er varðar skilyrði og kröfur um útgáfu heilbrigðisvottorða við setningu lagareldisdýra og afurða þeirra á markað og innflutning þeirra í Bandalagið og um skrá yfir tegundir smitferja (Stjtíð. ESB L 337, 16.12.2008, bls. 41).

⁽¹⁰⁾ Í samræmi við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu, einkum 4. mgr. 5. gr. bókunarinnar um Írland/Norður-Írland í tengslum við 2. viðauka við þá bókun, innihalda vísanir til Sambandsins, að því er þessa reglugerð varðar, Breska konungsríkið að því er varðar Norður-Írland.

- 5) „búsvæði“: búsvæði eins og það er skilgreint í 6. lið 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/990,
- 6) „skráð þriðja land, yfirráðasvæði eða svæði þess“: þriðja land, yfirráðasvæði, svæði eða hólf eins og skilgreint er í 1. lið 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692,
- 7) „sjúkdómalaust aðildarríki, svæði eða hólf“: aðildarríki, svæði eða hólf eins og skilgreint er í 7. lið 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/990,
- 8) „útrýmingaráætlun“: útrýmingaráætlun eins og hún er skilgreind í 8. lið 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/990.

3. gr.

Útfylling dýraheilbrigðisvottorða vegna sendinga af lagardýrum og af lagardýraafurðum

1. Dýraheilbrigðisvottorð vegna tilflutninga innan Sambandsins á sendingum af lagardýrum og sendingum af lagardýraafurðum, sem sett eru fram í I. viðauka við þessa reglugerð, skulu fyllt út á viðeigandi hátt og undirrituð af opinberum dýralækni í samræmi við skýringarnar sem kveðið er á um í 2. kafla I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2235.
2. Dýraheilbrigðisvottorð vegna komu sendinga af lagardýrum og sendinga af lagardýraafurðum inn í Sambandið, sem sett eru fram í II. viðauka við þessa reglugerð, skulu fyllt út á viðeigandi hátt og undirrituð af opinberum dýralækni í samræmi við skýringarnar sem kveðið er á um í 4. kafla I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2235.
3. Rekstraraðilar, sem bera ábyrgð á sendingunum sem um getur í 1. og 2. mgr., skulu veita lögbæru yfirvaldi upplýsingar um lýsingar á slíkum sendingum eins og lýst er í I. hluta fyrirmyndanna að dýraheilbrigðisvottorðunum sem settar eru fram í I. og II. viðauka.

4. gr.

Kröfur varðandi dýraheilbrigðisvottorð vegna sendinga af lagardýrum og af lagardýraafurðum

1. Opinber dýralæknir skal útfylla dýraheilbrigðisvottorð vegna sendinga af lagardýrum og af lagardýraafurðum í samræmi við eftirfarandi kröfur:
 - a) á dýraheilbrigðisvottorðinu verður að koma fram undirskrift opinbers dýralæknis og opinber stimpill; undirskriftin og stimpillinn, annar en upphleypur eða vatnsmerki, skulu vera í öðrum lit en prentaði textinn,
 - b) ef dýraheilbrigðisvottorðið inniheldur margs konar yfirlýsingar eða val um yfirlýsingar skal opinber dýralæknir strika yfir yfirlýsingar sem eiga ekki við og merkja við með upphafsstöfum og stimpla eða fella þær alveg brott úr dýraheilbrigðisvottorðinu,
 - c) dýraheilbrigðisvottorðið verður að samanstanda af einu af eftirfarandi:
 - i. einni pappírsörk,
 - ii. nokkrum pappírsörkum þar sem allar arkirnar eru óskiptanlegar og mynda eina óaðskiljanlega heild,
 - iii. röð blaðsíðna þar sem hver blaðsíða er tölusett þannig að það sjáist að hver blaðsíða er tiltekin síða í samfelldri, takmarkaðri röð,
 - d) þegar dýraheilbrigðisvottorðið samanstendur af röð blaðsíðna, eins og um getur í iii. lið c-liðar þessarar málsgreinar, skal einkvæmi kóðinn, sem um getur í a-lið 1. mgr. 89. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, koma fram á hverri blaðsíðu ásamt undirskrift opinbera dýralæknisins og opinberum stimpli,
 - e) ef um er að ræða dýraheilbrigðisvottorð vegna tilflutninga á sendingum innan Sambandsins verður dýraheilbrigðisvottorðið að fylgja sendingunni þangað til hún kemur á viðtökustaðinn í Sambandinu,

- f) ef um er að ræða dýraheilbrigðisvottorð vegna komu sendinga inn í Sambandið verður að leggja dýraheilbrigðisvottorðið fram hjá lögbæru yfirvaldi landamæraeftirlitsstöðvarinnar þar sem sending kemur inn í Sambandið þar sem sendingin fellur undir opinbert eftirlit,
 - g) gefa verður dýraheilbrigðisvottorðið út áður en sendingin, sem það gildir um, hverfur undan eftirliti lögbærs yfirvalds sem gefur dýraheilbrigðisvottorðið út,
 - h) ef um er að ræða dýraheilbrigðisvottorð vegna komu sendinga inn í Sambandið verður að semja dýraheilbrigðisvottorðið á opinberu tungumáli eða á einu af opinberum tungumálum aðildarríkis landamæraeftirlitsstöðvarinnar þar sem sending kemur inn í Sambandið.
2. Þrátt fyrir h-lið 1. mgr. getur aðildarríki fallist á að dýraheilbrigðisvottorð séu samin á öðru opinberu tungumáli Sambandsins og að þeim fylgi, ef nauðsyn krefur, staðfest þýðing.
3. Ákvæði a- til e-liðar 1. mgr. skulu ekki gilda um rafræn vottorð sem eru gefin út í samræmi við kröfurnar í 1. mgr. 39. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/1715.
4. Ákvæði b-, c- og d-liðar 1. mgr. skulu ekki gilda um dýraheilbrigðisvottorð sem eru gefin út á pappír og lokið við í Traces-kerfinu og prentuð út úr því.

5. gr.

Útskipti á dýraheilbrigðisvottorðum vegna sendinga af lagardýrum og af lagardýraafurðum

1. Lögbær yfirvöld skulu einungis gefa út endurnýjunardýraheilbrigðisvottorð vegna sendinga af lagardýrum og af lagardýraafurðum ef um er að ræða stjórnsýsluleg mistök í upprunalega dýraheilbrigðisvottorðinu eða ef upprunalega dýraheilbrigðisvottorðið hefur skemmst eða týnst.
2. Í endurnýjunardýraheilbrigðisvottorðinu skal lögbært yfirvald ekki breyta upplýsingunum í upprunalega dýraheilbrigðisvottorðinu varðandi sanngreiningu sendingar, rekjanleika hennar og ábyrgðir sem veittar eru í upprunalega dýraheilbrigðisvottorðinu fyrir sendinguna.
3. Í endurnýjunardýraheilbrigðisvottorðinu skal lögbært yfirvald:
- a) vísa með skýrum hætti í einkvæma kóðann, sem um getur í a-lið 1. mgr. 89. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, og útgáfudag upprunalega dýraheilbrigðisvottorðsins ásamt skýrri yfirlýsingu um að það komi í stað upprunalega dýraheilbrigðisvottorðsins,
 - b) tilgreina nýtt dýraheilbrigðisvottorðsnúmer sem er ekki það sama og á upprunalega dýraheilbrigðisvottorðinu,
 - c) tilgreina dagsetninguna þegar það var gefið út en ekki útgáfudag upprunalega dýraheilbrigðisvottorðsins,
 - d) láta í té upprunalegt skjal, gefið út á pappír, nema þegar um er að ræða rafræn endurnýjunardýraheilbrigðisvottorð sem eru lögð fram í Traces-kerfinu.
4. Ef um er að ræða komu sendinga inn í Sambandið er lögbæru yfirvaldi landamæraeftirlitsstöðvarinnar þar sem sending kemur inn í Sambandið heimilt að láta hjá líða að fara þess á leit að rekstraraðilinn, sem ber ábyrgð á sendingunni, leggi fram endurnýjunardýraheilbrigðisvottorð þegar upplýsingar sem varða viðtakanda, innflytjanda, landamæraeftirlitsstöðina þar sem sendingin kemur inn í Sambandið eða flutningatakið breytast eftir að vottorðið hefur verið gefið út og rekstraraðilinn, sem ber ábyrgð á sendingunni, leggur slíkar upplýsingar fram.

6. gr.

Fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum vegna tilflutninga innan Sambandsins á tilteknum flokkum lagardýra og lagardýraafurðum

Dýraheilbrigðisvottorðin, sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr., sem skal nota vegna tilflutninga innan Sambandsins á sendingum af tilteknum flokkum lagardýra og tilteknum lagardýraafurðum skulu vera í samræmi við eina af eftirfarandi fyrirmyndum, með hliðsjón af lagardýrunum og flokki hlutaðeigandi afurða:

- a) AQUA-INTRA-ESTAB, útbúið í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í 1. kafla I. viðauka fyrir lagardýr sem eru ætluð fyrir lagareldisstöðvar,

- b) AQUA-INTRA-RELEASE, útbúið í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í 2. kafla I. viðauka fyrir lagardýr til sleppingar út í náttúruna,
- c) AQUA-INTRA-HC, útbúið í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í 3. kafla I. viðauka fyrir lagardýr sem eru ætluð til manneldis,
- d) AQUA-INTRA-RESTRICT, útbúið í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í 4. kafla I. viðauka fyrir lagardýr sem falla undir takmarkanir á tilflutningi eða neyðarráðstafanir að því er varðar skráða eða nýtilkomna sjúkdóma,
- e) AQUA-INTRA-BAIT, útbúið í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í 5. kafla I. viðauka fyrir lagardýr sem ætluð eru til notkunar sem lifandi beita,
- f) PAO-AQUA-INTRA-PROCESS, útbúið í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í 6. kafla I. viðauka fyrir afurðir lagareldisdýra, aðrar en lifandi lagareldisdýr, sem eru ætlaðar til frekari vinnslu,
- g) PAO-AQUA-INTRA-RESTRICT, útbúið í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í 7. kafla I. viðauka fyrir afurðir lagareldisdýra, aðrar en lifandi lagareldisdýr, sem falla undir takmarkanir á tilflutningi eða neyðarráðstafanir að því er varðar skráða sjúkdóma eða nýtilkomna sjúkdóma.

7. gr.

Fyrirmynd að dýraheilbrigðisvottorði vegna komu sendinga af lagardýrum, sem eru ætlaðar fyrir lagareldisstöðvar, til sleppingar út í náttúruna eða í öðrum tilgangi, inn í Sambandið, þó ekki til beinnar neyslu

Dýraheilbrigðisvottorðið, sem um getur í b-lið 2. mgr. 1. gr., sem skal nota vegna komu sendinga af lagardýrum, sem eru ætlaðar fyrir lagareldisstöðvar, til sleppingar út í náttúruna eða í öðrum tilgangi, inn í Sambandið, þó ekki til beinnar neyslu, skal vera í samræmi við fyrirmyndina AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER og útbúið í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í II. viðauka.

8. gr.

Fyrirmynd að yfirlýsingu vegna flutnings tiltekinna lagardýra sem koma sjóleiðis inn í Sambandið

Yfirlýsingin, sem um getur í c-lið 2. mgr. 1. gr., sem skal nota vegna flutnings tiltekinna lagardýra sem koma sjóleiðis inn í Sambandið, skal vera í samræmi við fyrirmyndina að viðbót AT-AQUA-SEA og útbúin í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í III. viðauka.

Skipstjóri skipsins skal útfylla þessa viðbót og festa hana við viðkomandi dýraheilbrigðisvottorð.

9. gr.

Niðurfelling reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1251/2008

1. Reglugerð (EB) nr. 1251/2008 er felld úr gildi frá og með 21. apríl 2021.
2. Líta ber á tilvísanir í reglugerð (EB) nr. 1251/2008 sem tilvísanir í þessa reglugerð og þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í IV. viðauka.

10. gr.

Umbreytingarákvæði

Sendingar af lagardýrum og lagardýraafurðum með meðfylgjandi viðeigandi dýraheilbrigðisvottorðum, sem eru gefin út í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1251/2008 fyrir þann dag þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda, skulu samþykktar til komu inn í Sambandið til 20. október 2021 að því tilskildu að dýraheilbrigðisvottorðið hafi verið undirritað af opinberum skoðunarmanni fyrir 21. ágúst 2021.

11. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 21. apríl 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. desember 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Í I. viðauka er að finna eftirfarandi fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum:

FYRIRMYND

AQUA-INTRA-ESTAB	1. kafli: Fyrirmynd að dýraheilbrigðisvottorði vegna tilflutninga innan Sambandsins á lagardýrum sem eru ætluð fyrir lagareldisstöðvar
AQUA-INTRA-RELEASE	2. kafli: Fyrirmynd að dýraheilbrigðisvottorði vegna tilflutninga innan Sambandsins á lagardýrum til sleppingar út í náttúruna
AQUA-INTRA-HC	3. kafli: Fyrirmynd að dýraheilbrigðisvottorði vegna tilflutninga innan Sambandsins á lagardýrum sem eru ætluð til manneldis
AQUA-INTRA-RESTRICT	4. kafli: Fyrirmynd að dýraheilbrigðisvottorði vegna tilflutninga innan Sambandsins á lagardýrum sem falla undir takmarkanir á tilflutningi eða neyðarráðstafanir að því er varðar skráða eða nýtilkomna sjúkdóma
AQUA-INTRA-BAIT	5. kafli: Fyrirmynd að dýraheilbrigðisvottorði vegna tilflutninga innan Sambandsins á lagardýrum sem eru ætluð til notkunar sem lifandi beita
PAO-AQUA-INTRA-PROCESS	6. kafli: Fyrirmynd að dýraheilbrigðisvottorði vegna tilflutninga innan Sambandsins á afurðum lagareldisdýra, öðrum en lifandi lagareldisdýrum, sem eru ætlaðar til frekari vinnslu
PAO-AQUA-INTRA-RESTRICT	7. kafli: Fyrirmynd að dýraheilbrigðisvottorði vegna tilflutninga innan Sambandsins á afurðum lagareldisdýra, öðrum en lifandi lagareldisdýrum, sem falla undir takmarkanir á tilflutningi eða neyðarráðstafanir að því er varðar skráða eða nýtilkomna sjúkdóma

1. KAFLI

FYRIRMYND AÐ DÝRAHEILBRIGÐISVOTTORÐI VEGNA TILFLUTNINGA INNAN SAMBANDSINS Á LAGADÝRUM SEM ERU ÆTLUÐ FYRIR LAGARELDISSTÖÐVAR (FYRIRMYND „AQUA-INTRA-ESTAB“)

EVROPUSAMBANDIÐ		INNAN ESB		
I. hluti: Lýsing á sendingu	I.1 Sendandi	I.2 IMSOC-tilvísun	QR-KÓÐI	
	Heiti	I.2a Staðbundin tilvísun		
	Heimilisfang	I.3 Lögbært stjórnvald		
	Land ISO-landskóði	I.4 Lögbært staðaryfirvald		
	I.5 Viðtakandi	I.6 Rekstraraðili sem annast samsöfnun óháð starfsstöð	Heiti Skráningarnúmer	
	Heiti	Heimilisfang	Land ISO-landskóði	
	Heimilisfang			
	Land ISO-landskóði			
	I.7 Upprunaland	ISO-landskóði	I.9 Viðtökuland	ISO-landskóði
	I.8 Upprunasvæði	Kóði	I.10 Viðtökusvæði	Kóði
I.11 Sendingarstaður	Heiti Skráningar-/samþykkisnr.	I.12 Viðtökustaður	Heiti Skráningar-/samþykkisnr.	
Heiti	Heimilisfang	Heimilisfang	Land ISO-landskóði	
Heimilisfang	Land ISO-landskóði	Land	ISO-landskóði	
I.13 Fermingarstaður		I.14 Brottfarardagur og -tími		
I.15 Flutningatæki	<input type="checkbox"/> Skip <input type="checkbox"/> Lofffar	I.16 Flutningsaðili	Heiti Skráningar-/Leyfisnúmer	
<input type="checkbox"/> Járnbrautir <input type="checkbox"/> Ökutæki		Heimilisfang	Land ISO-landskóði	
Auðkenning <input type="checkbox"/> Annað		I.17 Fylgiskjöl	Tegund Kóði	
Skjal		Land	ISO-landskóði	
		Tilvísun í viðskiptaskjöl		

I.18	Flutningsskilyrði	<input type="checkbox"/> Við umhverfishita	<input type="checkbox"/> Kældar	<input type="checkbox"/> Frystar			
I.19	Gámanúmer/innsigli snúmer	Gámanr.	Innsigli snr.				
I.20	Vottað sem eða til	<input type="checkbox"/> Áfram í haldi	<input type="checkbox"/> Til slátrunar	<input type="checkbox"/> Lokuð starfsstöð	<input type="checkbox"/> Kímefni		
		<input type="checkbox"/> Skráð dýr af hestaætt	<input type="checkbox"/> Farandfjölleikahús/dýrasýning	<input type="checkbox"/> Sýning	<input type="checkbox"/> Atburður eða starfsemi nálægt landamærum		
		<input type="checkbox"/> Til sleppingar út í náttúruna	<input type="checkbox"/> Afgreiðslustöð	<input type="checkbox"/> Umlagningarsvæði/hreinsunarstöð	<input type="checkbox"/> Lagareldisstöð fyrir skrautlagardýr		
		<input type="checkbox"/> Frekari vinnsla	<input type="checkbox"/> Lífrænn áburður og jarðvegsbætar	<input type="checkbox"/> Til tæknilegra nota	<input type="checkbox"/> Sóttkví eða svipuð starfsstöð		
		<input type="checkbox"/> Afurðir til manneldis	<input type="checkbox"/> Frævun	<input type="checkbox"/> Lifandi lagardýr til manneldis	<input type="checkbox"/> Annað		
I.21	<input type="checkbox"/> Til umflutnings gegnum þriðja land	Þriðja land	ISO-landskóði				
		Brottfararstaður	Kóði landamæraeftirlitsstöðvar				
		Komustaður	Kóði landamæraeftirlitsstöðvar				
I.22	<input type="checkbox"/> Til umflutnings gegnum aðildarríki			I.23	<input type="checkbox"/> Til útflutnings		
		Aðildarríki	ISO-landskóði		Þriðja land	ISO-landskóði	
		Aðildarríki	ISO-landskóði		Brottfararstaður	Kóði landamæraeftirlitsstöðvar	
		Aðildarríki	ISO-landskóði				
I.24	Áætlaður ferðatími			I.25	Leiðarbók Já <input type="checkbox"/> Nei		
I.26	Heildarfjöldi pakkninga			I.27	Heildarmagn		
I.28	Samanlögð eigin þyngd/heildarþyngd (kg)			I.29	Samanlagt rými fyrirhugað fyrir sendinguna		
I.30	Lýsing á sendingu						
SN-númer	Tegund	Undirtegund/ Flokkur	Kyn	Auðkenningar- kerfi	Auðkennisnúmer	Aldur	Magn
Upprunasvæði		Kæligeymsla		Auðkennis- merki	Tegund umbúða		Eigin þyngd
Sláturhús		Tegund meðhöndlunar		Tegund vöru	Fjöldi pakkninga		Lotunúmer
		Dagsetning söfnunar/ framleiðslu		Framleiðslu- stöð	Samþykkis- eða skráningarnúmer stöðvar/starfsstöðvar/miðstöðvar	Prófun	

EVROPUSAMBANDIÐ

Fyrirmynd að vottorði AQUA-INTRA-ESTAB

II. hluti: Vottun	II. Upplýsingar um heilbrigði	II.a Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b IMSOC-tilvísun
	<p>Ég, undirritaður, opinber dýralæknir, votta hér með að:</p> <p>II.1. Samkvæmt opinberum upplýsingum uppfylla lagardýrin í sendingunni, sem lýst er í I. hluta, eftirfarandi dýraheilbrigðiskröfur:</p> <p>II.1.1. Lagardýrin eru ekki upprunnin í/á ⁽¹⁾[stöð] ⁽¹⁾[búsvæði] sem fellur undir takmarkanir á tilflutningi eða neyðarráðstafanir, sem um getur í i. og ii. lið b-liðar 2. mgr. 191. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, sem hefur verið komið á til að verjast skráðum sjúkdómum, sem lagardýrin í sendingunni eru skráðar tegundir fyrir, eða nýtilkomnum sjúkdómum,</p> <p>II.1.2. Lagardýrin:</p> <p>⁽¹⁾annaðhvort [eru upprunnin í/á ⁽¹⁾[stöð] ⁽¹⁾[búsvæði] þar sem ekki er um að ræða aukna dánartíðni af óskilgreindum orsökum.]</p> <p>⁽¹⁾ eða [eru upprunnin á hluta af ⁽¹⁾[stöð] ⁽¹⁾[búsvæði] sem er óháður faraldsfræðilegu einingunni þar sem aukin dánartíðni eða önnur sjúkdómseinkenni hafa komið upp og viðtökuaðildarríkið ⁽¹⁾[og umflutningsaðildarríkið hefur] ⁽¹⁾ [umflutningsaðildarríkin hafa] ⁽¹⁾ gefið samþykki fyrir því að tilflutningurinn eigi sér stað.]</p> <p>⁽¹⁾II.2. Lagareldisdýrin í sendingunni, sem lýst er í I. hluta, uppfylla eftirfarandi kröfur:</p> <p>II.2.1. Þau koma frá lagareldisstöð sem er ⁽¹⁾[skráð í samræmi við 173. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429] ⁽¹⁾[samþykkt í samræmi við 176. eða 177. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429] þar sem skrár um dánartíðni, skrár um tilflutninga og skrár um heilbrigði og framleiðslu eru uppfærðar reglulega og sannprófun skjala, að því er varðar þessar skrár, var framkvæmd innan 72 klukkustunda fyrir brottför og þar kom ekkert fram sem gaf tilefni til áhyggna,</p> <p>II.2.2. Lagareldisdýrin:</p> <p>⁽¹⁾annaðhvort [voru sett í klíniska skoðun og, ef við á, klíníska rannsókn í samræmi við b-lið 1. mgr. 15. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/990 sem var framkvæmd innan 72 klukkustunda fyrir brottför og sýndu engin einkenni um viðkomandi skráða sjúkdóma eða nýtilkomna sjúkdóma.]</p> <p>⁽¹⁾eða [eru ⁽¹⁾[egg] ⁽¹⁾[lindýr] sem þurfa ekki klíníska skoðun innan 72 klukkustunda fyrir brottför þar eð þau falla undir undanþágu sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 15. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/990.]</p> <p>⁽¹⁾eða [þurfa ekki klíníska skoðun innan 72 klukkustunda fyrir brottför þar eð þau falla undir undanþágu sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 16. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/990.]</p>		

EVROPUSAMBANDIÐ

Fyrirmynd að vottorði AQUA-INTRA-ESTAB

	<p>⁽¹⁾⁽²⁾[II.3. Kröfur vegna ⁽³⁾tegunda sem eru skráðar fyrir veirublæði, iðradrep, sýkingu af völdum blóðþorraveiru af arfgerð með HPR-úrfellingu, sýkingu af völdum marteliuveikisýkils (Martellia refringens), sýkingu af völdum Bonamia exitiosa, sýkingu af völdum ostruveikisýkils (Bonamia ostreae) og sýkingu af völdum hvítblettaveikiveiru</p> <p>Lagardýrin sem lýst er í I. hluta:</p> <p>⁽¹⁾annadhvort [eru upprunnin í/á ⁽¹⁾[aðildarríki] ⁽¹⁾[svæði] ⁽¹⁾[hólf] sem lýst hefur verið yfir að sé laust við ⁽¹⁾[veirublæði] ⁽¹⁾[iðradrep] ⁽¹⁾[sýkingu af völdum blóðþorraveiru af arfgerð með HPR-úrfellingu] ⁽¹⁾[sýkingu af völdum marteliuveikisýkils (Martellia refringens)] ⁽¹⁾[sýkingu af völdum ostruveikisýkils (Bonamia ostreae)] ⁽¹⁾[sýkingu af völdum Bonamia exitiosa] ⁽¹⁾[sýkingu af völdum hvítblettaveikiveiru] í samræmi við 4. kafla II. hluta framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/689.]</p> <p>⁽¹⁾eða [eru upprunnin í/á ⁽¹⁾[aðildarríki] ⁽¹⁾[svæði] ⁽¹⁾[hólf] sem fellur undir útrýmingaráætlun vegna ⁽¹⁾[veirublæðis] ⁽¹⁾[iðradreps] ⁽¹⁾[sýkingar af völdum blóðþorraveiru af arfgerð með HPR-úrfellingu] ⁽¹⁾[sýkingar af völdum marteliuveikisýkils (Martellia refringens)] ⁽¹⁾[sýkingar af völdum ostruveikisýkils (Bonamia ostreae)] ⁽¹⁾[sýkingar af völdum aðildarríkis, svæðis eða hólfis sem fellur einnig undir útrýmingaráætlun vegna sama sjúkdóms í samræmi við undanþáguna sem mælt er fyrir um í 198. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429.]</p> <p>⁽¹⁾eða [eru villt lagardýr sem hafa lokið sóttkvíun í stöð sem er samþykkt í samræmi við 15. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/691 og litið er á þau sem sjúkdómalaus.]</p> <p>⁽¹⁾eða [eru af einni af tegundum smitferja sem eru tilgreindar í 4 dálki töflunnar í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1882 og ekki er litið á þau sem smitferjur fyrir viðkomandi skráðan sjúkdóm af því að þau uppfylla ekki skilyrðin sem sett eru fram í I. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/990.]</p> <p>⁽¹⁾eða [eru af einni af tegundum smitferja sem eru tilgreindar í 4 dálki töflunnar í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1882 og litið er á þau sem smitferjur en þau hafa verið sett í sóttkví í stöð sem er samþykkt í samræmi við 15. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/691 og litið er á þau sem sjúkdómalaus.]</p> <p>⁽¹⁾eða [eru af einni af tegundum smitferja sem eru tilgreindar í 4 dálki töflunnar í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1882 og litið er á þau sem smitferjur en þeim hefur verið haldið í einangrun í stöð sem er samþykkt í samræmi við 16. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/691 og ekki er lengur litið á þau sem smitferjur.]</p> <p>⁽¹⁾eða [eru lagareldisdýr sem eru upprunnin í lokaðri starfsstöð og eiga að fara til lokaðrar starfsstöðvar í öðru aðildarríki og báðar eru samþykktar í samræmi við 9. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/691 og uppfylla ákvæðin í 1. mgr. 9. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/990.]</p> <p>⁽¹⁾eða [eru lagareldisdýr sem eiga að fara til lokaðrar starfsstöðvar sem er samþykkt í samræmi við 9. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/691 og uppfylla kröfurnar í ⁽¹⁾[ii. lið] ⁽¹⁾[iii. lið] b-liðar 2. mgr. 9. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/990.]</p> <p>⁽¹⁾eða [eru lagareldisdýr sem eiga að fara til lokaðrar starfsstöðvar sem er samþykkt í samræmi við 9. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/691 í vísindaskyni.]</p> <p>⁽¹⁾eða [eiga að fara til fyrirtækis sem framleiðir matvæli úr lagardýrum og beitir sjúkdómssvörnum í samræmi við 11. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/691.]</p>
--	---

EVROPUSAMBANDIÐ

Fyrirmynd að vottorði AQUA-INTRA-ESTAB

⁽¹⁾⁽⁴⁾**II.4. Kröfur vegna tegunda sem eru smitnæmar fyrir skjónakarpaherpesveiki, sýkingu af völdum vorveiru í vatnakarpa, nýrnaveiki, sýkingu af völdum brisdrepsveiru, sýkingu af völdum roðflyðrusníkils, sýkingu af völdum alfaveiru í laxfiski og sýkingu af völdum ostruherpesveiru (OsHV-1 þvar)**

Sendingin er upprunnin frá ⁽¹⁾[aðildarríki], ⁽¹⁾[svæði] ⁽¹⁾[hólf] sem uppfyllir heilbrigðisábyrgðir að því er varðar ⁽¹⁾[skjónakarpaherpesveiki], ⁽¹⁾[sýkingu af völdum vorveiru í vatnakarpa], ⁽¹⁾[nýrnaveiki], ⁽¹⁾[sýkingu af völdum brisdrepsveiru], ⁽¹⁾[sýkingu af völdum roðflyðrusníkils], ⁽¹⁾[sýkingu af völdum alfaveiru í laxfiski], ⁽¹⁾[sýkingu af völdum ostruherpesveiru (OsHV-1 þvar)] sem eru nauðsynlegar til að fara að landsráðstöfunum sem gilda í viðtökuaðildarríkinu eins og kveðið er á um í framkvæmdargerðum sem framkvæmdastjórnin samþykkir í samræmi við 3. mgr. 226. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429.]

II.5. Samkvæmt minni bestu vitund og eins og rekstraraðilinn lýsir yfir sýna lagardýrin í sendingunni engin sjúkdómseinkenni og koma frá ⁽¹⁾[stöð] ⁽¹⁾[búsvæði] þar sem:

- i. ekki er um að ræða afbrigðilega dánartíðni af óskilgreindum orsökum og
- ii. dýrin hafa ekki komist í snertingu við lagardýr af ⁽³⁾[skráðum tegundum sem uppfylltu ekki kröfurnar sem um getur í lið II.1.

II.6. Kröfur í flutningi

Ráðstafanir hafa verið gerðar til að flytja sendinguna í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í 3. og 4. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/990.

II.7. Kröfur um merkingar

Ráðstafanir hafa verið gerðar til að auðkenna og merkja ⁽¹⁾[flutningatæki] ⁽¹⁾[gáma] í samræmi við 5. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/990 og sendingin er auðkennd með ⁽¹⁾[læsilegum og sýnilegum merkimiða utan á gánum] ⁽¹⁾[læsilegum og sýnilegum merkimiða utan á flutningatækinu] ⁽¹⁾[færslu í farmskrá skipsins þegar flutt er með brunnbáti] sem tengir sendinguna með skýrum hætti við þetta dýraheilbrigðisvottorð.

II.8. Gildistími dýraheilbrigðisvottorðs

Þetta dýraheilbrigðisvottorð gildir í 10 daga frá útgáfudegi þess. Ef um er að ræða flutning lagardýra eftir vatnaleið/sjóleiðis má lengja þetta 10 daga tímabil um þann tíma sem ferðin tekur.

Athugasemdir:

Í samræmi við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópu-sambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu, einkum 4. mgr. 5. gr. bókunarinnar um Írland/Norður-Írland í tengslum við 2. viðauka við þá bókun, innihalda vísanir til Evrópusambandsins í þessu vottorði Breska konungsríkið að því er varðar Norður-Írland.

„Lagardýr“: dýr eins og þau eru skilgreind í 3. lið 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429. „Lagareldisdýr“: lagardýr sem falla undir lagareldi eins og skilgreint er í 7. lið 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429.

